

Miðvikudaginn 27. október 1937.

Nr. 144/1936. Réttvísín (Pétur Magnússon)

gegn

**Axel Peter Christian Herskind, Stef-
áni Thorarensen** (Lárus Fjeldsted),
**Ólafi Frimanni Sigurðssyni og Jóni
Hallgrímssyni** (Jón Ásbjörnsson).

Tilbúningur og sala hárvatns.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. ágúst 1936: Ákærðir, Axel Christian Herskind, Stefán Thorarensen, Ólafur Frimann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson, sæti hver um sig 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Refsing þeirra skal vera skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 1907 og falli niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef þargreind skilorð eru haldin.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærðir Axel Herskind og Stefán Thorarensen in solidum kr. 100.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm. Ákærðir Ólafur Frimann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson greiði in solidum kr. 100.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Ásbjörnssonar hrm. Annar kostnaður sakarinnar greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

I. Með krufningu á líki Skafta heitins Árnasonar, efnagreiningu efnarannsóknarstofu ríkisins á magainnihaldi hans, svo og skýrslu viðkomandi læknis um dauða hans, verður það að teljast sannað, að hann hafi látizt af áfengiseitrun. Um áfengisneyzlu hans rétt fyrir andlátið er þetta sannað: Kona sú, sem hann dvaldist hjá, þegar hann lézt, kveður hann hafa þrjá næstu dagana fyrir andlátið drukkið heima í íbúð hennar upp úr einu glasi af Col-

gates after shave og tveimur glösum af Eau de Cologne. Kemur þetta heim við glös þau, sem fundust í herbergi því, sem Skafti hafðist við í, þegar hann andaðist. Eitt vitni hefir þó eftir Skafta, að að hann hafi keypt tvö glös af Colgates after shave í verzluninni Frón mánudaginn þann 29. okt. 1934. Samkv. skýrslu ákærða Herskind hefir hárvatnið Eau de Cologne 87% innihald af methylalkóhóli og samkvæmt skýrslu efnarannsóknarstofu ríkisins gefur Colgates after shave nokkra svörun við prófun fyrir methylalkóhóli, en hinsvegar telur efnarannsóknastofan ekki til neins að reyna að ákveða magn þess í blönduninni. Um hárvatnið Colgates after shave er það upplýst, að það er tilbúið erlendis. Samkvæmt atvikum þeim, sem nú hafa rakin verið, þykir bera að líta svo á, að neyzla Skafta heitins af hárvötnunum Eau de Cologne og Colgates after shave hafi verið völd eða meðvöld áfengiseitrunar þeirrar, sem hann lézt af. Með skýrslu viðkomandi lækni, sem greind er í hér-aðsdominum og öðrum atvikum málsins eru einnig fram komnar líkur fyrir því, að Jón heitinn Ásbjörnsson hafi látizt af áfengiseitrun. En hér-aðslæknirinn hefir ekki, eins og honum þó bar skylda til, framkvæmt krufningu á líki Jóns, né sent magainnihald hans til efnarannsóknarstofu ríkisins til efnagreiningar. Um áfengisneyzlu Jóns heitins rétt fyrir andlátið er það eitt vitað, að fjögur glös undan Eau de Cologne fundust í vistarveru hans, en um einungis eitt glas af síðastnefndu hárvatni er það sannað, að það var keypt næstu daga áður en hann lézt. Að athuguðum þessum atriðum getur ekki orðið lagt til grundvallar í málinu, að Jón heitinn hafi látizt af áfengiseitrun.

II. Ákærðir Axel Peter Christian Herskind og Stefán Thorarensen.

Svo sem í hinum áfrýjaða dómi segir, stóðu hinir ákærðu Herskind og Stefán fyrir því, að Efnagerð Reykjavíkur h/f tók að framleiða hárvötn og ilm-vötn úr methylalkóhóli á árinu 1932. Ekki voru þá í lögum eða reglugerðum ákvæði, er bann legðu við því að nota methylalkóhól í hárvötn og ilm-vötn, enda voru þá í umferð hér á landi erlend hárvötn, sem höfðu eitthvað af methylalkóhóli inni að halda, og samkvæmt yfirlýsingu Lyffræðingafélags Íslands var þá selt methylalkóhól í lyfjabúðum í handkaupum, án þess að á glösin væri sett önnur aðvörun en heitið methylalkóhól. Eftir að farið var að nota methylalkóhól í hárvötn og ilm-vötn Efnagerðarinnar, létu hinir ákærðu Herskind og Stefán í varúðarskyni selja hárvötnin í svonefndum dropaglösum. Glösum þessum verður að hvolfna og þau verður að hrista til þess að ná úr þeim vökvanum. Blasir þá botn glasanna við, en á hann létu hinir ákærðu letra: „Lífshættulegt, ef drukkið er“. Um aðrar aðvaranir af hálfu hinna ákærðu til kaupenda hárvatnanna er ekki sannað. Voru því næst hárvötn þessi og ilm-vötn seld frá því á árinu 1932 og þangað til síðla í október 1934, án þess að mein hafi hlotizt, svo vitað sé, af notkun þeirra, fyrr en andlát þeirra Skafta og Jóns bar að höndum, enda var þá fyrst hreyft athugasemdum af hálfu stjórnvaldanna við sölu hárvatna og ilmvatna þessara. Samkv. þessu þykir ekki sannað í málinu, að notkun hárvatnanna og ilmvatnanna sé hættuleg, ef farið er með þau á tilætlaðan hátt, og verða hinir ákærðu Herskind og Stefán þessvegna ekki dæmdir fyrir brot gegn 292. gr. hegna-

ingarlaganna. Þá verður heldur ekki með tilvísun til framangreindra atriða talið, að hinir ákærðu Herskind og Stefán hafi vanrækt aðvörunarskyldu sína, þegar þeir hófu notkun methylalkóhóls við framleiðslu hárvatna og ilmvatna Efna-gerðarinnar, og þykir þess vegna einnig bera að sýkna þá af ákæru fyrir brot gegn 200. gr. hegningarlaganna.

III. Ákærðir Ólafur Frimann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson.

Það er sannað, að ákærðir Ólafur Frimann og Jón Hallgrímsson hafa selt Skafta heitnum hvor sitt glasið af Eau de Éologne, án þess að upplýst sé, að þeir hafi vitað hvor um sölu hins til Skafta. Þá er og sannað, að ákærði Ólafur Frimann hefir selt Jóni heitnum Ásbjörnssyni eitt glas af Eau de Cologne. Þá eru, svo sem undir I. segir, nokkrar líkur fyrir því, að ákærði Ólafur Frimann hafi selt Skafta eitt til tvö glös af Colgates after shave, en ekkert er upplýst í málinu um það, að aðvörunarmiðar hafi verið á síðastnefndum glösum, né að ákærðum hafi verið kunnugt um, að Colgates after shave gæti verið hættulegt.

Af ástæðum þeim, er greinir undir II. um hina ákærðu Herskind og Stefán, þykir einnig bera að sýkna hina ókærðu Ólaf Frimann og Jón Hallgrímsson af ákæru fyrir brot gegn 292. gr. hegningarlaganna. Verður þá fyrir að athuga, hvort hinir ákærðu hafi brotið gegn 200. gr. hegningarlaganna með afhendingu hárvatns til Skafta heitins Árnasonar, en afhending hárvatns til Jóns heitins Ásbjörnssonar kemur í þessu sambandi ekki til álita, með því ekki verður gengið út frá, að dauði Jóns hafi orðið af völdum áfengiseitrunar. Með því að

ekki var af hálfu stjórnvaldanna lagt bann við sölu hárvatns þessa, þegar atvik málsins gerðust, með því ennfremur, að ekki er sannað, að Skafti heitinn hafi verið ölvaður, þegar hárvatnskaupin fóru fram, og með því loks, að Skafti hafði, að því er ætla verður, aðstöðu til að ganga úr skugga um, að hárvatnið Eau de Cologne væri óhæft til drykkjar, — en um mögulega hættu af Colgates after shave verður að telja, að þá hafi alveg verið óvíst —, þá þykir ekki fullyrðandi, að ákærðir Ólafur Frimann og Jón Hallgrímsson hafi framið í sambandi við afgreiðslu hárvatnanna slíka vanrækslu, að varða eigi þá refsingu eftir 200. gr. hegningarlaganna. Ber því að sýkna þá af ákæru réttvisinnar í málinu

Eftir þessum úrslitum verður að sýkna alla hina ákærðu af greiðslu sakarkostnaðar, og verður því að greiða hann úr rikissjóði, þar á meðal málsvarnarlaun til talsmanns hinna ákærðu A. Herskind og Stefáns Thorarensen í héraði, sem ákveðast kr. 100.00, og málsvarnarlaun talsmanns í héraði hinna ákærðu Ólafs Frimanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, sem ákveðast kr. 100.00, og ennfremur málflutningslaun sækjanda í hæstarétti, kr. 200.00, og málflutningslaun annarsvegar verjanda ákærðu A. Herskind og Stefáns Thorarensen í hæstarétti, og hinsvegar verjanda Ólafs Frimanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar í hæstarétti, kr. 150.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinir ákærðu, Axel Peter Christian Herskind, Stefán Thorarensen, Ólafur Frimann

Sigurðsson og Jón Hallgrímsson, skulu vera sýknir af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Sakarkostnaður allur, bæði í héraði og fyrir hæstarétti, greiðist úr rikissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði hinna ákærðu A. P. C. Herskind og Stefáns Thorarensen, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, kr. 100.00, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda í héraði hinna ákærðu Ólafs Frimanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 100.00, og enn fremur málflutningslaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Péturs Magnússonar, kr. 200.00, og loks málflutningslaun annarsvegar skipaðs verjanda hinna ákærðu A. P. C. Herskind og Stefáns Thorarensen fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, og hinsvegar skipaðs verjanda ákærðu Ólafs Frimanns Sigurðssonar og Jóns Hallgrímssonar, hæstaréttarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, kr. 150.00 til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

I.

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn þeim Axel Peter Christian Herskind framkvæmdarstjóra, til heimilis á Laugavegi 16 hér í bæ, Stefáni lyfsala Thorarensen, til heimilis á Söleyjargötu 11 hér í bæ, Ólafi Frimanni Sig-

urðssyni og Jóni Hallgrímssyni kaupmönnum, báðum til heimilis á Akranesi, fyrir brot á 17. og 29. kap. hinna almennu hegningarlaga.

Ákærðir eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna. Er aldur þeirra eins og hér segir:

Axel Peter Christian Herskind er fæddur 4. okt. 1896.

Stefán Thorarensen er fæddur 31. júlí 1891.

Ólafur Frimann Sigurðsson er fæddur 23. marz 1903.

Jón Hallgrímsson er fæddur 23. marz 1904.

Þeir Axel Herskind, Ólafur Frimann og Jón hafa ekki sætt refsingum fyrr, en Stefáni hefir verið refsað eins og hér er talið:

1923 $1\frac{1}{4}$ Dómur hæstaréttar, 150 kr. sekt fyrir brot gegn 219. gr. hinna almennu hegningarlaga.

1923 $2\frac{1}{4}$ Dómur hæstaréttar, 100 króna sekt fyrir brot gegn 7. gr. laga nr. 88 1917, um notkun bifreiða.

1930 $\frac{7}{6}$ Réttarsætt, 5 króna sekt fyrir brot gegn lög-reglusamþykkt Reykjavíkur.

1930 $1\frac{7}{11}$ Aðvörun fyrir brot gegn reglugerð um bifreiðastæði.

1930 $\frac{7}{12}$ Aðvörun fyrir afturljósleysi á bifreið.

II.

Fimmtudaginn 1. nóvember 1934 andaðist Skafti Árnason frá Háuhjáleigu í Innri-Akranesshreppi að Reynivöllum á Akranesi kl. 8½ um morguninn. Hallgrímur Björnsson læknir, er sóttur var til hans, fékk þegar grun um, að áfengiseitrun væri banameinið, og tilkynnti því lögreglustjóra andlátið strax, er síðar gekkst fyrir því, að líkið væri krufið. Krufninguna framkvæmdi með Hallgrími Ólafur héraðslæknir, og segja þeir meðal annars svo í skýrslu sinni um hana:

Það, sem er mest áberandi pathológískt, er blóðfylling í kviðarholi og útpennsla hjartans, sem hvorutveggja bendir til, að um hjartalömun hafi verið að ræða. Hin mikla blóðfylling í þörmunum gæti bent til eitrunar gegn um melftingarfæri, og er þá líklegt, að rannsókn á magainnihaldi gæti leitt slíkt í ljós“.

Magainnihaldið var síðan sent efnarannsóknarstofu ríkisins, er rannsakaði það og fann í því methylalkóhól.

„Var svörunin fyrir Methylalkóhóli mjög greinileg“, seg-

ir forstöðumaður efnarannsóknarstofunnar í vottorði um rannsóknina.

Um feril Skafta sáluga dagana áður en hann andaðist hefir Björg Gísladóttir, húsfreyja að Reynivöllum, borið þetta:

Skafti sál. var vanur að halda til hjá henni, þegar hann dvaldi á Akranesi. Mánudagskvöldið 29. okt. um kl. 6 kom hann heim til hennar og var þá nokkuð ölvaður, en þó ekki mikið. Var hann þá með háltæmt glas af Colgates after shave og drakk upp úr því um kvöldið, en annað ekki. Á þriðjudagsmorgun vaknaði hann, eins og hann átti að sér, og virtist vera við fulla heilsu. Laust fyrir hádegi fór hann út og náði í glas af Eau de Cologne. Var hann að drekka úr glasinu út í kaffi þar heima fram til kl. 5 um daginn. Var hann þá búinn af glasinu, en sótti þá annað og hélt drykkjunni fram til um kl. 10, en fór þá að hátta. Átti hann þá eftir slatta á síðara glasinu. Á miðvikudagsmorguninn virtist hann enn ekki vera orðinn veikur og drakk nú það, sem eftir var af glasinu, til hádegis. Hafði hann þá ekki lyst á að borða, heldur lagði sig til svefnis og svaf til kvölds. Vaknaði hann þá og var veikur. Um nóttina svaf hann lítið og hafði miklar þrautir síðari hluta nætur. Um morguninn var lækni vitjað, en hann fékk þá ekkert að gjört, og andaðist Skafti hálfri stundu eftir að læknirinn kom.

Eftir því, sem upplýst er, hefir Skafti heitinn verið kunnur drykkjumaður þar í þorpinu og að sögn vitnisins orðinn heilsubílaður vegna ofdrykkju.

Glösin voru síðar send lögreglustjóra, og reyndust Eau de Cologne glösin að vera frá h/f Efnagerð Reykjavíkur.

III.

Daginn eftir, föstudaginn 2. nóvember, kl. 2.10 fyrir hádegi, andaðist Jón Ásbjörnsson í Melshúsum á Akranesi.

Mánudaginn næstan áður hafði lögregluþjónninn á Akranesi, Axel Andrésson, mætt Jóni heitnum á götu í fylgd með Skafta, og voru þeir þá ódruknir, að því er honum virtist. Daginn, sem Skafti lézt, frétti lögregluþjónninn, að Jón heitinn hefði verið ölvaður undanfarna daga, og fór því til bróður hans og bað hann að vitja Jóns, en hann bjó einn

í litlum kofa. Þegar bróðir Jóns kom til hans, var hann þegar orðinn veikur. Um kvöldið var Hallgrímur Björns-son læknir sóttur til hans og var yfir honum, þegar hann andaðist.

Í vottorði um dánarorsökina segir læknirinn m. a.:

„Þegar ég kom til Jóns, var hann orðinn mjög rænu-
litill, svaraði hann ekki, þótt á hann væri yrt, en tók sýni-
lega út miklar þrautir. Hann hljóðaði hástöfum og kastaði
sér til og frá í rúminu og settist upp á milli. Hann var
bláleitur í andliti og á höndum, kaldur og sveittur. Andar-
dráttur erfiður. Púls var litill, 86 slög á mínútu“.

Ennfremur segir læknirinn:

„Því tel ég fullvíst, að hinn látni, Jón Ásbjörnsson, hafi
dáið af eitrun, sem hann hafi fengið með því að drekka
Eau de Cologne, bæði vegna hliðstæðs tilfellis daginn á
undan og ótviræðra eitrunareinkenna, sem ég sjálfur
observeraði. Ég tel því ekki frekari rannsókn nauðsynlega
í þessu tilfelli“.

Krufning á líki Jóns heitins eða rannsókn á magainni-
haldi hans hefir ekki verið látin fara fram.

Við rannsókn á íbúð Jóns heitins fundust 4 tóm glös
undan Eau de Cologne frá Efnagerð Reykjavíkur, vand-
lega falin niður í kofforti, og ennfremur eitt tomt glas
undan Icewater. Í herberginu fundust einnig nokkrar tóm-
ar flöskur undan Pilsner, ein tóm portvinsflaska og eitt
glas, er brennsluspritt hafði verið á.

Eftir því, sem upplýst er um feril Jóns heitins dagana
á undan, virðist hann hafa verið ölvaður í nokkra daga.
Vitnið Þorgeir Jónsson hefir borið það og staðfest með
eiði, að á mánudaginn hafi hann séð Skafta heitinn Árna-
son kaupa Colgates after shave í verzluninni Frón og
drekka nokkuð af því. Um leið og vitnið skildi við Skafta,
hitti hann Jón, og fóru þeir þá að talast við. Vitnið Gísli
Eybert Edvaldsson rakari hefir borið, að sama dag hafi
þeir báðir, ásamt þriðja manni, komið á rakarastofuna til
sín og beðið hann að selja sér hárvatn. Voru þeir allir
drukknir, og neitaði vitnið að selja þeim hárvatnið. Dag-
inn eftir kom Jón einn til vitnisins og var þá einnig
nokkuð ölvaður. Bað hann þá aftur um hárvatn, en vitnið
neitaði því, sem fyrr. Á fimmtudaginn er upplýst, að Jón

heitinn var á fótum fram til hádegis og þá drukkinn. Lagðist hann þá til svefns og svaf til kl. 7 um kvöldið, en vaknaði þá og var orðinn fárveikur.

Jón heitinn var einrænn í háttum og kunnur í þorp-inu fyrir drykkjuskap.

IV.

Ákærðir Ólafur Frimann Sigurðsson og Jón Hallgrímsson reka í félagi verzlunina Frón á Akranesi og verzla m. a. með hreinlætisvörur, þ. á. m. hárvötn og ilmvötn, er þeir aðallega telja sig hafa fengið frá h/f Efnagerð Reykjavíkur og H. Ólafsson og Bernhöft, umboðsmönnum Colgates-varanna.

Skömmu áður en umrædd mannslát urðu, var sölumaður Efnagerðarinnar, Jón Gíslason, á ferð á Akranesi, og pantaði þá ákærður Ólafur Frimann af honum nokkuð af ilm- og hársvatnsglösum, þar á meðal 6 stk. af Eau de Cologne.

Um sölu ákærða á Eau de Cologne til hinna látnu er þetta upplýst:

Ákærður Ólafur Frimann hefir viðurkennt að hafa á mánudag eða þriðjudag selt Skafta heitnum eitt glas af Eau de Cologne, og telur hann það vera síðasta glasið, sem eftir var. Kveðst ákærður ekki hafa getað greint það, að Skafti sál, hafi þá verið ölvaður eða öðru vísi en hann átti að sér að vera. Ákærður tók þó fram við Skafta, að innihaldið væri hættulegt til drykkjar, en það kveðst hann stundum hafa gjört við kaupendur í varúðarskyni.

Þá hafa vitnin Sigurður Bjarnason Sigurðsson og Sigurjón Guðjónsson borið það og staðfest með eiði, að þau hafi á þriðjudaginn séð ákærðan Ólaf selja Jóni Ásbjörnsyni annað glas af Eau de Cologne. Voru vitnin þá stödd í verzluninni og sáu, að Jón heitinn kom út úr skrifstofunni, ásamt ákærðum Ólafi, og drakk þá einn pilsner og fór síðan út. Var Jón heitinn að áliti vitnanna þá lítið eitt ölvaður. Stundarkorni síðar kom Jón inn aftur og afhenti ákærður Ólafur Frimann honum þá ilmvatnsglasið. Atvik þetta hefir Ákærður Ólafur ekki talið sig muna um.

Ákærður Jón Hallgrímsson hefir viðurkennt að hafa selt Skafta heitnum annaðhvort á laugardag eða mánudag eitt glas af Eau de Cologne. Kveður hann, að sér hafi þá

virzt Skafti heitinn slæptur, svipað og eftir ölvun. Kveðst hann hafa spurt Skafta heitinn að því, hvort hann ætlaði að drekka þetta, en hann neitaði því, og lét ákærður það þá gott heita. En ákærður kveður það hafa verið vana sinn, þegar menn, er komið gat til mála, að drykkju ilmvötn, vildu kaupa þau, að spyrja um þetta.

Ákærðir hafa ekki getað gjört grein fyrir því, hverir hafi keypt hin glösin, en þau voru öll seld, er rannsókn málsins hófst. Heldur ekki hefir orðið upplýst, hvar þeir Jón heitinn og Skafti hafi keypt ilmvatnsglös þau, er hjá þeim fundust umfram það, er nú er rakið. En auk Eau de Cologne hafði verzlunin til sölu um þessar mundir bæði Colgates after shave og Icewater frá Efnagerðinni.

V.

Á miðju árið 1932 tók h/f Efnagerð Reykjavíkur að nota methylalkóhól í ilmvötn og hárvötn þau, er hún framleiddi, í stað ethylalkóhóls, er hún hafði áður notað. Var breytingin tekin upp í tilefni af því, að verksmiðjan var þá svift rétti til að nota ethylalkóhól í vörur sínar. Að þessari ráðstöfun stóðu ákærðir Stefán Thorarensen, sem formaður hlutafélagsins, og Axel Herskind, sem framkvæmdarstjóri verksmiðjunnar, og tóku þeir ákvörðunina í sam- einingu. Ekki var einkennum, umbúðum eða nöfnum var- anna neitt breytt, þótt breytt væri til um efni, og viðskifta- mönnum var ekki tilkynnt breytingin með bréfum. En á glösin var eftir þetta limdur miði, sem á stóðu orðin „Lífs- hættulegt, ef drukkið er“.

Síðan tók Efnagerðin upp sérstaka tegund glasa, dropa- glös. Var þá farið að líma aðvörunarmiðana á botn glas- anna, og skýra ákærðu þá breytingu svo, að við það veki miðinn frekar eftirtekt, því til þess að ná úr glösunum þurfi að hrista þau, og snúi þá botninn upp.

Ákærður Stefán Thorarensen hefir haldið því fram, að þeir Herskind hafi boðið sölumanni félagsins, Jóni Gísla- syni, að skýra kaupendum frá því, að farið væri að nota methylalkóhól í vörurnar og benda þeim á aðvörunar- miðann. Hann hefir þó ekki getað munað, nær það samtal fór fram, hvort það var, þegar breytt var um efni eða þegar breytt var um glösin. Ákærður Axel Herskind hefir og ekki talið sig muna þetta. Jón Gíslason, sem leiddur

hefir verið sem vitni í málinu, hefir og ekki talið sig muna, hvort athygli sín hafi verið vakin á því, að skipt hafi verið um efni, en hefir aftur á móti borið það, að þegar dropa-glösin voru tekin upp og farið var að lima miðana á botninn á glösum, hafi Herskind falið sér að minna kaupendur á miðann, og það kveðst hann oft hafa gjört. Ákærður Ólafur Frimann, sem, eins og áður segir, keypti ilmvötnin af Jóni, hefir með öllu neitað því, að þetta hafi borizt í tal í það skiptið. Annar sölumaður félagsins, Þórólfur Ólafsson, er starfaði hjá því um tíma árið 1934, hefir aftur á móti borið það, að sér hafi ekki verið gjört kunnug efnasamsetning varanna eða verið falið að benda kaupendum á aðvörunarmiðann, enda kveðst hann ekki hafa gjört það.

Vörur þær, er tekið var að nota methylalkóhól í i stað ethylalkóhóls eru þessar; og er alkóhólmagníð tilgreint samkvæmt skýrslu ákærðs Axels Herskind:

Bayrum	62%
Eau de Cologne	87—
Eau de Quinin	71—
Ísvatn	38— .
Hárelíxír	74—

Vörurnar voru jafnan seldar á glösum 75—210 gr. að stærð, og voru Eau de Cologne glösin ca. 170—180 gr. Stöku sinnum voru þær þó seldar eftir máli til rakara, en jafnan var þó auðkenni á ilátinu og aðvörunarmiði.

Eftir að hætt var að nota ethylalkóhól, fór verksmiðjan að framleiða tvær nýjar tegundir, Egri með 90% methylalkóhól, selt á ca. 15—20 gr. glösum, og Orlana 90% methylalkóhól, selt á ca. 3 gr. glösum.

Jafnframt og mál þetta kom upp, fyrirskipaði ákærður Axel Herskind, að vörur þessar skyldu teknar úr umferð.

VI.

Með áðurgreindum vottorðum Hallgríms læknis Björns-sonar, árangri krufningarinnar og rannsókn efnarannsóknarstofunnar verður að telja sannað, að þeir Skafti Árnason og Jón Ásbjörnsson hafi báðir andazt af áfengiseitrun. Samkvæmt álitsgjörð landlæknis, er liggur fyrir í rannsókn málsins, er methylalkóhól baneitrað, jafnvel í litlum skömmtum. Jafnframt er þess að gæta, að það „hrúgast upp

í líkömum manna, þannig að smáskammtar, sem hver út af fyrir sig nægja ekki til eitrunar-verkunar, geta við endurtekningu valdið hættulegum eitrunum“. Verður þannig að telja, að Eau de Cologne það, sem sannað er, að þeir Skafti og Jón drukku og keypt var í verzlun ákærðu Jóns Hallgrímssonar og Ólafs Frimanns og framleitt af Efnagerð Reykjavíkur, hafi verið bein orsök til andláts þeirra.

Þótt Eau de Cologne og önnur ilmvötn séu ekki framleidd til drykkjar, þá er það notórískt, að þeirra hefir verið þó nokkuð neytt af drykkjumönnum. Hefir það t. d. komið fram í dómum á undanförnum árum. Báðir ákærðir Jón Hallgrímsson og Ólafur Frimann hafa og borið, að þeim væri kunnugt um, að slíkt tíðkaðist á Akranesi, og ákærður Jón hefir sérstaklega skýrt frá því, að ilmvatnið Eau de Portugal væri þar drukkið af drykkjumönnum og kallað „galli“.

Það verður að telja vitavert gáleysi hjá ákærðum Axel Herskind og Stefáni Thorarensen, að þeir skyldu breyta til um efnasamsetningu þessara vara frá venjulegum vínanda (ethylalkóhól) og yfir í methylalkóhól í jafnriku magni og upplýst er (87%), án þess að sjá fyrir því, að slík breyting væri auglýst almenningi á viðunandi hátt. Eftir sem áður láta þeir vörurnar ganga undir sömu nöfnum, breyta ekki umbúðum þeirra, skrifa ekki viðskiptamönnum sínum um breytinguna og auglýsa hana ekki í blöðum. Eina ráðstöfunin, sem þeir gjöra til þess að benda almenningi á hina auknu hættu við að neyta ilmvatnanna, er aðvörunarmiði sá, er áður er getið um, auk þess, sem sölumaður fyrirtækisins kann að hafa tjáð kaupendum þeim, er hann talaði við.

Hvorugur hinna ákærðu kaupmanna Ólafur Frimann eða Jón Hallgrímsson hefir talið sig hafa verið aðvaraðan um efnasamsetningu varanna eða eitrunaráhrif þau, er methylalkóhól hefir, og hafa heldur ekki kynnt sér það mál af sjálfsdáðun. Ákærður Ólafur hefir þó viðurkennt að hafa tekið eftir aðvörunarmiðunum á glösunum, en ákærður Jón hefir neitað að hafa veitt þeim eftirtekt eða hafa gjört sér grein fyrir, að ilmvötnin væru óhæf til drykkjar.

Báðir hinir látnu menn voru kunnir hinum ákærðu kaupmönnum að drykkjuskap, og lá auk þess orð á því, að þeir væru ekki vandir að drykkjarföngum. Það er og upp-

lýst, að þeir hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar þeir fengu glös þau, er sannað er, að þeir keyptu af ákærðum. Báðir voru þeir þannig í háttum, að kunnugir virðast hafa haft ástæðu til að efast um, að þeir mundu nota ilmvötn til snyrtingar sér. Verður því að telja það mjög gálauslega að farið af ákærðum að afgreiða ilmvatnið til þeirra undir þessum ástæðum, án þess að hafa kynnt sér drykkjarhæfi þess.

Samkvæmt framanröktu verður að áliti réttarins að telja ákærðu alla hafa gjörzt seka við 200. gr. almennra hegningarlaga með gálauslegum aðferðum við framleiðslu og afhendingu hinna eitruðu ilmvatna, svo mannsbanar hafa af hlotizt.

Jafnframt verður að telja þá ákærðu Axel Herskind og Stefán Thorarensen seka við 292. gr. almennra hegningarlaga 1. mgr. með því að nota hið hættulega methylalkóhól í ilmvötnin, er ætluð voru almenningi til sölu, þar sem vita mátti, að þau voru jafnframt eðlilegri notkun einnig notuð til drykkjar. Verður þá einnig að telja ákærðu Ólaf Frimann og Jón Hallgrímsson seka við 2. mgr. sömu gr. sbr. 3. mgr.

Refsing ákærðra hvers um sig þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

En með tilliti til málavaxta þykir mega ákveða refsingu þeirra skilorðsbundna samkvæmt lögum nr. 39 1907.

Af kostnaði sakarinnar greiði ákærður Axel Herskind og Stefán Thorarensen in solidum 100 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Fjeldsted hrm.

Þeir Ólafur Frimann og Jón Hallgrímsson greiði in solidum kr. 100 í málsvarnarlaun til Jóns Ásbjörnssonar hrm., skipaðs talsmanns síns. Annar kostnaður málsins greiðist af ákærðum öllum in solidum.

Á rannsókn málsins og dómsuppkvaðningu hefir orðið nokkur dráttur. Að því leyti, sem hann hefir orðið hér við embættið, stafar hann af önnum dómarsins.

